

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

15. nóvember 2013

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Vikan sem leið var ansi viðburðarík. Haustsamverur voru haldnar hjá öllum bekkjum skólans, mæting var góð og þóttu þær takast vel. Þá var líka vinavika þar sem nemendur fóru í leynivinaleik og unnu verkefni tengd vináttu. Lokahnykkurinn var svo Vinakaffi sem var haldið á föstudeginum. Mætingin var einstaklega góð og stóðu nemendur sig frábælega vel.

Marítafræðsla 18. nóvember

Mánudaginn 18. nóvember verður Marítafræðsla en það er forvarnarfræðsla og mun Magnús Stefánsson sjá um hana. Er þessi fræðsla ætluð nemendum í 7. til 10. bekk sem og foreldrum þeirra nemenda.

Dagskráin þann dag er á þessa leið:

kl.12:30 – 13:50 - 9. og 10. bekkur

kl.14:00 – 15:20 – 7. og 8. bekkur

Kl.16:00 – 17:20 – Foreldrar nemenda 7.-10. bekkjar

Leikrit fyrir 1. - 3. bekk

Fimmtudaginn 21. nóvember kl. 13:10 verður leiksýning fyrir nemendur 1.- 3. bekkjar. Leikritið heitir Vinstri, Hægri, Vinstri og er tuttugu mínútna langt leikrit sem segir frá honum Benna litla og vinkonu hans Ellu tröllastelpu. Ella kann ekki umferðarreglurnar svo þegar hún villist niður í bæ kemst hún ekki aftur heim til sín. Benni ákveður að hjálpa henni og um leið og hann kennir henni umferðarreglurnar læra áhorfendur með henni.

Spurningakeppni grunnskólanna

Fimmtudaginn 21. nóvember verður Spurningakeppni grunnskólanna haldin á Akureyri. Haldin var forkeppni í skólanum og okkar fulltrúar að þessu sinni eru Reynir Eysteinnsson, Heimir Sindri Þorláksson og Pálmi Kormákur Baltasarson.

Hlé á sundkennslu 25. nóvember

Frá og með mánudeginum 25. nóvember verða allir sundtímar að íþróttatímum inni í Höfðaborg. Sundkennsla hefst að nýju þegar líður að vori og fá foreldrar tilkynningu um það þegar þar að kemur.

Sólgarðadagurinn 27. nóvember

Miðvikudaginn 27. nóvember verður Sólgarðadagurinn. Á þessum degi eru allir nemendur Grunnskólans austan Vatna saman komnir á Sólgörðum og takast þar á við verkefni tengd tungumálum, íþróttum og stærðfræði. Foreldrar eru minntir á að klæða börnin sín eftir veðri því hluti af dagskránni er utandyra.

Kaffihús nemenda 28. nóvember

Jólastemmingin verður í fyrirrúmi þann 28. nóvember í félagsheimilinu Höfðaborg á Hofsósi þegar nemendur 9. bekkjar halda kaffihús frá 19:30-22:30. Markaður verður á staðnum þar sem hver og einn getur haft eigið söluborð gegn vægu gjaldi. Hægt verður að kaupa dýrindis kökur og skola þeim niður með óteljandi kaffitegundum eða heitu súkkulaði. Vonumst til sjá sem flesta.

Sælgætissala nemendafélagsins

Nemendafélag skólans er með til sölu sælgætispoka frá Kólus sem inniheldur 625 gr. af Kúlusúkki, Djúpum og Sambalakkris. Þessi poki er seldur á aðeins 1000 kr. og er hægt að panta poka með því að hafa samband við Emmu Sif (emma@gsh.is) eða hringja í skólann. Þetta er liður í fjáröflun nemendafélagsins.